

Ný stjórn Markaðsstofu Norðurlands var kosin á aðalfundi, sem haldinn var þann 26. maí síðastliðinn. Aðalfundurinn var óvenjulegur, eins og svo margir fundir þetta misserið, en hann var í fyrsta sinn haldinn sem fjarfundur.

Fundarstörf gengu vel fyrir sig og [með því að smella hér má sjá glærukynningu framkvæmdastjóra.](#)

Venju samkvæmt var kosið í lausar stöður í stjórn MN.

Hlutskörpust urðu þau Viggó Jónsson frá Drangeyjarferðum, Örn Arnarson, eigandi Hótel Laugarbakka, Heba Finnsdóttir, eigandi veitingastaðanna Bryggjunnar og Striksins og Sigrún Hulda Sigmundsdóttir, hótelstjóri Icelandair hótel Akureyri og koma þau því inn í stjórn ýmist til eins árs eða tveggja.

Þá voru þau Þórdís Bjarnadóttir frá Höldur og Tómas Árdal frá Arctic Hotels áfram kjörin varamenn í stjórn.

Úr stjórn fóru Baldvin Esra Einarsson frá Saga Travel sem gegndi formennsku, Arngrímur Arnarson frá Norðursiglingu, og Sigurður Líndal Þórisson frá Selasetrinu á Hvammstanga. Þeim eru færðar þakkir fyrir vel unninn störf í þágu ferðaþjónustu á Norðurlandi.

Ný stjórn hittist á sínum fyrsta fundi í dag, 5. júní. Venju samkvæmt hófst fundurinn á því að formaður var kjörinn, en það var Viggó Jónsson sem varð fyrir valinu.

Ný stjórn er því eftirfarandi: Viggó Jónsson frá Drangeyjarferðum og formaður, Örn Arnarson, eigandi Hótel Laugarbakka, Heba Finnsdóttir, eigandi veitingastaðanna Bryggjunnar og Striksins og Sigrún Hulda Sigmundsdóttir, hótelstjóri Icelandair hótel Akureyri, Edda Hrund Guðmundsdóttir hótelstjóri Hótel Laxár.
Varamenn: Þórdís Bjarnadóttir og Tómas Árdal.

Áheyrnarfulltrúar og fulltrúar sveitarfélaga eru sem fyrr Álfhildur Leifsdóttir fyrir SSNV og Axel Grettisson fyrir SSNE.